

v / tækjabúnaður í móttökustöð – framvinda

Eins og fram kemur í greinargerð dagsett 2. september 2019 er áætlaður kostnaður við kaup og uppsetning á tækjum í móttökustöð áætlaður 791 mkr (vikmörk -5 - +10%) og innifalinn óvissa upp á 10%. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna tækjabúnaðar muni lenda í efri mörkum áætlunar sem eru um 833 mkr. (mat SORPU). Öll tæki hafa verið pöntuð og eru þau farin að berast til landsins. Búið er að bæta inn í áætlun gengisáhrifum vegna innkaupa á tækjabúnaði en gengi Evru hefur hækkað um 15% frá áramótum. Samið var við vélsmiðjuna Héðinn um uppsetningu tækjabúnaðar eftir útboð (tilboðsupphæð var 192,9 mkr., sjá minnisblað 2. júlí 2019). Staða tækjakaupa og uppsetningar er sem hér segir (miðað við 31. mars 2020).

Mánuður	Tækjakaup mkr.	Uppsetning mkr.	Annað** mkr.	Samtals mkr.
Febrúar – Maí 2019	0,4	0,4	30	30,8
Júní 2019	0	0	12,2	12,2
Júlí 2019	12,6	0	0	12,6
Ágúst 2019	0	0	8,9	8,9
September 2019	21,4	0,5	12,0	33,9
Október 2019	105,0	16,7	13,0	134,7
Nóvember 2019	5,7	31,1	10,0	46,8
*Desember 2019	49,9	1,5	8,2	59,6
Janúar 2020	0,4	28,1	0,1	28,6
Febrúar 2020	45,9	4,5	0,1	50,5
*Mars 2020	22,2	25,7	4,9	52,8
SAMTALS	263,5	108,5	99,4	471,4

* Inni í fyrri tölum vegna desember í fyrri framvindusamantekt (vegna bókhaldslegra reglna) voru færð inn erlend tækjakaup að upphæð 148 mkr sem eru í framleiðslu eða í flutningi fyrir uppgjörslok. Þau eru bakfærð 1. janúar 2020 og munu bókast inn eftir því sem tækin koma til landsins 2020. Ekki eru allri reikningar komnir inn í bókhald vegna mars 2020,

** Aðstoð við umsjón, innkaup og pantanir, eftirfylgni, hönnun og ráðgjöf.

Gera má ráð fyrir að öll tæki verði komin til landsins í apríl – maí og að uppsetningu ljúki í maí og prófunum verði lokið um miðjan júní.

Samskipti við verktaka við uppsetningu hafa því miður ekki gengið eins og skyldi, stöðug deilumál og aukakröfur sem ekki er búið að lenda. Búð er þó að leysa úr hluta af kröfum verktaka með samkomulagi en eftir standa kröfur vegna teiknivinnu hjá undirverktaka erlendis sem SORPA hefur hafnað ásamt kröfu vegna gengisáhrifa á kostnað við stálgrindur.

Vinna Héðins við uppsetningu stálvirkis í núverandi byggingu er á eftir áætlun og töluvert er enn eftir af þeirri vinnu. Ekki er byrjað að setja upp búnað sem er hluti af nýju vinnslulínunum.

Eins og sést í töflunni er bókfærður kostnaður í lok mars vegna verksins samtals 471,4 mkr eða 59% af áætlun en framvinda verkefnis er komin í 63%.

Virðingarfyllt,

Helgi Þór Ingason
framkvæmdastjóri